

arbrún, og verði ekki séð, að þessi girðing Saltvíkurbúsins torveldi eða tálmi viðhaldi eða öðru í sambandi við veginn. Grundvöllur fyrir eignarnámi sé hér því alls ekki fyrir hendi og mót-mælt framgangi umbeðinnar dómsathafnar.

Eins og sóknaraðili hefur bent á, er í 24. gr. vegalaganna hver landeigandi skyldaður að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum. Með þessu lagaboði hefur löggjafinn í eitt skipti fyrir öll heimilað stjórn vegamála að taka eignarnámi land, er hún telur þurfa í því skyni, er tekið er fram í greininni.

Það er hins vegar áskilið, að fullt verð komi fyrir, og verður því að fullnægja skilyrðum 26. gr. laganna um bætur eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna.

Með vísan til þessa ber að taka til greina beiðni sóknaraðilja um dómkvaðningu matsmanna. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í málinu falli niður.

Því úrskurðast:

Framangreind beiðni vegamálastjóra um dómkvaðningu matsmanna skal ná fram að ganga.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 13. marz 1959.

Nr. 36/1958. **Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps
f. h. hreppsins**

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Ólafi Pálssyni (Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttar Hæstaréttar.

Krafa um greiðslu kennaralauna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu gjafsóknarleyfi skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. marz 1958. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Svo krefst hann og málskostnaðar af

stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Talsmaður áfrýjanda krefst málssóknarlauna sér til handa, hvernig sem málið fer.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eiginkona stefnda var ráðin barnakennari í Grýtubakka-skólahverfi skólaárið 1952—1953. Hinn 3. janúar 1953 ól hún barn, og galt stefndi laun stundakennara, sem önnuðust kennslu í forföllum hennar vegna barnsburðarins. Í 19. gr. laga um fræðslu barna, nr. 34/1946, er svo mælt, að greiða skuli forfallavinnu fyrir kennara, sem ekki geta stundað starf sitt við skóla sökum veikinda, og er ekki ástæða til að láta annað gilda um forföll vegna barnsburðar. Eftir 51. gr. sömu laga má krefja sveitarsjóð um greiðslu kostnaðar, sem leiðir af forfallakennslu samkvæmt 19. gr. Stefndi krefur í máli þessu sveitarsjóðinn um greiðslu fyrir stundakennslu vegna forfalla eiginkonu sinnar í 3 mánuði, þ. e. 1½ mánuð fyrir og eftir barnsburð. Í 19. gr. barnafræðslulaganna segir, að fyrir forfallavinnu skuli greiða eftir reglum, er fræðslumálastjórnin setur. Þegar atvik máls þessa gerðust, höfðu engar slíkar reglur verið settar, og ekki er nægilega leitt í ljós, að þá hafi verið fyrir hendi fastmótuð venja um lengd forfallatíma vegna barnsburðar. Með því að tímalengd sú, sem stefndi leggur til grundvallar kröfu sinni, getur ekki talizt ósanngjörn, verður ekki tekin til greina sú mótbára áfrýjanda, að miða beri við skemmri tíma. Eins og greinir í héraðsdómi, er reikningur stefnda saminn í samráði við kennara þá, sem önnuðust forfallakennslu, og samþykktur af skólanefnd. Hefur áfrýjandi ekki fært líkur að því, að stefndi hafi ekki innt af hendi alla þá fjárhæð fyrir ofangreint 3 mánaða tímabil, sem hann nú krefst úr hendi áfrýjanda. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00. Laun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00, greiðist úr rikissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Grýtubakkahrepps f. h. hreppsins, greiði stefnda, Ólafi Pálssyni, kr. 2.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Gústafs A. Sveinsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500,00, greiðist úr rikissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 20. febrúar 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 15. janúar 1957 af Ólafi Pálssyni barnakennara, Hveragerði, gegn hreppsnefnd Grýtubakkahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu f. h. hreppsins, og hefur málið verið rekið hér fyrir dómi með samkomulagi aðilja. Málinu hafði áður verið löglega stefnt til sáttanefndar, og fór sáttatilraun fram fyrir einum sáttamanni, sem ekki bar árangur, en umboðsmenn beggja aðilja, sem mættir voru, lýstu yfir, að þeir hefðu ekkert við þetta að aþuga, enda væri sátt í málinu útilokuð.

Sóknaraðili málsins gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmd til að greiða honum kr. 8.659,58 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1954 að telja og málskostnað samkvæmt reikningi eða mati réttarins. Stefnda krefst algerrar sýknu af kröfum stefnanda og að henni verði dæmdur hæfilegur málskostnaður. *Til vara* er kröfunni mótmælt sem of hárrí og ósannaðri og að stefndu verði eigi gert að greiða forfallakennslu af þeim sökum, er í málinu greinir, fyrir lengri tíma en 6 vikur.

Framangreinda kröfu kveður stefnandi vera fyrir forfallakennslu, er hann hafi greitt til tveggja aukakennara við barnaskólann í Grenivík skólaárið 1952—53 vegna forfalla fastráðins kennara við skólann, Þórgunnar Björnsdóttur, sem jafnframt er kona stefnanda, en hún ól barn 3. janúar þennan vetur.

Málavextir eru nánar sem hér skal greina:

Veturna 1950—1, 1951—2 og 1952—3 höfðu greind kennarahjón lengst af mann til að kenna fyrir sig sitt á hvað. Maður þessi var Kristinn Jónsson, núverandi skólastjóri í Grenivík.

Einnig kenndi Þórunn, systir Þórgunnar, handavinnu fyrir hana á hluta af þessu tímabili, þar á meðal veturinn 1952—3. Báðum þessum aukakennurum greiddu kennarahjónin eftir hendinni, að því er bezt verður vitað. Svo leið tíminn, án þess að hjónin endurkræfu hreppsnefndina um neitt af greiðslunni fyrir aukavinnuna, þar til vorið 1955, líklega í maímánuði, að stefnandi sendi skólanefnd reikning vegna forfallakennslu, er hann hafði lagt út á skólaárinu 1952—3 vegna fjarveru Þórgunnar, konu hans, af völdum barnsburðar á því skólaári, og var reikningurinn að upphæð kr. 13.019,40. Ekki vildi skólanefndin samþykkja reikning þennan, en sendi hann hreppsnefndinni og æskti þess, að nefndin afgreiddi málið í samræmi við afrit af bréfi fræðslumálaskrifstofunnar frá 6. maí 1955, er fylgdi með, sbr. dskj. nr. 17. Samkvæmt bréfi til hreppsnefndarinnar, dags. 28. maí s. á., hafði krafan verið lækkuð niður í kr. 8.659,58 skv. dómskj. nr. 3, eða það, sem stefnukröfunni nemur, og er sú upphæð talin vera miðuð við forfallakennslu vegna Þórgunnar Björnsdóttur í 3 mánuði. Fylgdi það nú með frá skólanefndinni, að hún gæti ekki annað en samþykkt þennan reikning samkvæmt bréfi fræðslumálaskrifstofunnar frá 6. maí s. á., þ. e. bréfið með dskj. nr. 17. Þrátt fyrir þessa tillögu skólanefndar hafnaði hreppsnefndin að greiða reikninginn.

Sjálfur hefur stefnandi skýrt þannig frá tilorðningu ofangreinds reiknings, sbr. dskj. nr. 3:

Eftir að skólanefndin hafði samþykkt greiðslu vegna þriggja mánaða forfalla, hafði hann gert reikning, sem hann taldi vera fyrir þriggja mánaða tímakaup, og var hann að upphæð kr. 13.019,40, en skólanefndin hafði ekki viljað samþykkja þessa upphæð, þar sem hún hafði talið, að hún væri of há miðað við þriggja mánaða forfallakennslu. Hann kvað sjónarmið nefndarinnar hafa verið það, að forföllin teldust vera þriggja mánaða tímabil, og sé 3. jan. (fæðingardagur barnsins) í miðju því tímabili. Frá þessu tímabili skyldi draga öll leyfi, greiðslan skyldi miðuð við tímakaup. Aðra forfallakennslu en þessa fyrir Þórgunni hafi nefndin ekki viljað samþykkja. Ekki kvaðst stefnandi hafa getað fallizt á, að þessi skilningur skólanefndar á þriggja mánaða tímabilinu væri réttur, en hann hafi unnið það til samkomulags að samþykkja þetta. Hann kvað nefndina síðan hafa falið sér að semja reikning yfir forfallakennsluna eftir hennar skilningi á málinu og kveðja til aðstoðar sér báða kennarana, sem forfallakennsluna höfðu annazt, og láta þá endur-

skoða reikninginn; að því loknu skyldi reikningurinn lagður fyrir nefndina að nýju. Hann kveður alla skólanefndarmennina hafa verið sammála um þetta, og hafi verið farið í öllu eftir því, sem nefndin lagði fyrir, og síðan hafi nefndin samþykkt reikninginn og sent hann til hreppsnefndarinnar, og var sá reikningur með sömu upphæð og dómkrafan í máli þessu, sbr. að framan. Einnig kveður stefnandi, að námsstjórinn hafi samþykkt reikninginn. Aukakennararnir, Kristinn Jónsson og Þórunn Björnsdóttir, hafa bæði gefið vottorð í máli þessu, sbr. dskj. nr. 22 og 23, og staðfest þau fyrir dómi, þar sem þau votta, að þau hafi endurskoðað reikninginn á dskj. nr. 3 og að upphæð hans sé fengin eins og stefnandi hefur lýst og nú hefur verið frá greint.

Skal nú vikið nokkru nánar að gögnum þeim, er stefnandi styður kröfur sínar einkum við. Hann hefur haldið því fram, að það hafi verið venja bæði í Grenivík og annars staðar að greiða forfallakennslu vegna veikinda og þar á meðal barnsburðar fastra kennara, og hefur stuðzt þar við ýmis skjöl málsins, en þar kemur fram, að slíkt hafi verið tíðkað bæði í Grenivík og annars staðar, sbr. t. d. dskj. nr. 4 og 5, sem ekki varða deiluefnið beint, heldur forfallakennslu vegna skólastjórans sjálfs við nefndan skóla, svo og gögn þau, er sýni, að áður hafi verið greidd forfallakennsla fyrir Þórgunni Björnsdóttur af sömu ástæðum og hér er um deilt, þ. e. veturinn 1951—2. Einnig að öðru leyti hefur stefnandi stutt kröfur sínar við bréfaskipti, er fram hafa farið um deiluefnið. Eftir að hreppsnefnd Grýtubakka-hrepps hafði samþykkt 31. maí 1955 að vísa reikningi stefnanda frá með 3 atkv., — einn nefndarmanna sat hjá, og annar virðist ekki hafa verið mættur, — með þeim rökum, að eigi væru lög fyrir slíkri greiðslu, sbr. dskj. nr. 7, sneri stefnandi sér í bréfi til fræðslumálastjóra, sbr. dskj. nr. 8, og óskaði eftir, að hann hlutaðist til um, að hann fengi það endurgreitt, er honum bæri vegna farfallakennslunnar. Út af bréfi þessu virðist fræðslumálastjóri bæði hafa snúið sér til námsstjórans fyrir Norðurland, Stefáns Jónssonar, og menntamálaráðuneytisins.

Í svarbréfi námsstjórans um þetta segir m. a.: „Forfallakennsla þessi mun hafa verið framkvæmd með samþykki skólanefndar í löglegum forföllum kennara, og hreppsnefnd hefur engar athugasemdir gert við reikninginn eða upphæð hans, og lít ég því svo á, að skólanefnd beri að greiða reikninginn eins og önnur útgjöld við skólahaldið.“

Í svarbréfi menntamálaráðuneytisins segir svo: „tekur

ráðuneytið fram, að það lítur svo á, að hreppsnefnd Grýtubakka-hrepps sé fastri venju samkvæmt skyld til þess að greiða um-ræddan kostnað, enda hefur skólanefndin samþykkt reikning skólastjórans. Ríkissjóður mun svo endurgreiða sinn hluta þessa kostnaðar við uppgjör síðar,“ sbr. dskj. nr. 11. — Þennan úr-skurð, eins og hún kallar það, sendi fræðslumálaskrifstofan síðan oddvita, og virðist svo sem það hafi átt að vera síðasta orðið af hálfu fræðslumálastjórnarinnar í málinu.

Áður en þessi bréfaskipti fóru fram, er nú voru greind, hafði formaður skólanefndar Grýtubakkahrepps snúið sér til fræðslu málastjóra varðandi réttmæti reiknings stefnanda, og var því bréfi svarað 6. maí 1955, sbr. dskj. nr. 6. Segir þar meðal annars, að það hafi verið venja að greiða konum, sem forfölluðust vegna barnsburðar, full laun í allt að þrjá mánuði, og nú hafi þessi regla verið staðfest í reglugerð nr. 87/1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins. Þá er vitnað í 19. gr. laga-anna um fræðslu barna, nr. 34/1946, og segir svo: „Reglugerð um forföll var ekki sett fyrr en á sl. ári, en það hefur verið föst venja, að forfallakennsla greiðist úr sveitarsjóði að fullu, en síðan endurgreiði ríkissjóður $\frac{1}{4}$ hluta þeirrar upphæðar.“ Svo segir: „Niðurstöður verða því þessar: 1. Ríkissjóður greiði Þórgunni Björnsdóttur full laun í þrjá mánuði vegna forfalla. 2. Forfallavinna, þ. e. sú kennsla, sem kaupa varð vegna Þór-gunnar, greiðist að fullu úr sveitarsjóði, en síðan endurgreiði ríkissjóður að $\frac{1}{4}$ hluta þeirrar upphæðar.“

Stefnda hefur einkum byggt andmæli sín á tveimur ástæðum, sem hún telur hvora um sig nægja til sýknu. Fyrri ástæðan er sú, að krafan styðjist ekki við nein lög eða reglur. Í því sam-bandi bendir hún á, að reglugerð sú, sem gert sé ráð fyrir, að sett verði í 19. gr. laga nr. 34/1946, hafi aldrei verið sett. Ekki hafi heldur reglugerðin nr. 87/1954, sem sett hafi verið með heimild í 17. gr. laga nr. 38/1954, nein ákvæði um, hver eigi að greiða þá vinnu, sem kaupa þarf vegna forfalla. Hins vegar komi skýrt fram í 17. gr. nefndra laga, að greinilega sé gert upp á milli veikindaforfalla annars vegar og fjarvistar vegna barnsburðar hins vegar. Hún telur, að í nefndri 19. gr. felist ekki annað en heimild fyrir fræðslumálastjórnina til að setja reglugerð um greiðslu fyrir vinnu vegna veikinda, en að heimild bresti til að setja reglur um greiðslu vegna vinnu, sem unnin sé vegna barnsburðar kennara. Hún kveður enga reglugerð hafa verið setta samkvæmt nefndri lagagrein og engin reglugerðar-

ákvæði séu til fyrir því, að kennarar eigi kröfu til þess, að viðkomandi sveitarfélag greiði fyrir þá kennslu vegna forfalla kennara af margnefndum ástæðum. Jafnframt hefur hún andmælt því, að svo verði á litið, að fjarvist vegna barnsburðar verði jafnað til fjarvistar vegna veikinda. Samkvæmt þessu telur stefnda kröfur stefnanda eigi hafa við lög að styðjast. Einnig hefur stefnda eindregið mótmælt því, að venjur, sem um samskonar tilvik hafi verið teknar upp annars staðar, svo sem um þriggja mánaða kaup fyrir konur, sem ali börn í Rvík, séu á nokkurn hátt bindandi fyrir stefndu.

Í annan stað hefur stefnda mótmælt því, að kennsla sú, sem hér er krafizt greiðslu fyrir, sé raunveruleg forfallakennsla, er stefndu beri að greiða. Hún kveður reikninginn á dskj. nr. 3 ekki vera frá kennara, sem fenginn hafi verið til að gegna kennslu vegna þessara sérstöku forfalla, heldur sé hann gefinn út af skólastjóra í eigin nafni, en vottaður réttur af tveimur mönnum, sem gegnt hafi kennslustörfum á vegum hinna föstu kennara að meira eða minna leyti án sérstakra forfalla af þeirra hálfu. Þá hefur hún og haldið því fram, að þessar persónur, sem annast forfallakennsluna, hafi ekki verið ráðnar af skólanefnd eða hreppsnefnd vegna þessara tilgreindu forfalla kennarans, heldur hafi þau löngum kennt við skólann sem aðstoðarkennarar hinna föstu kennara og á þeirra kostnað, oft og einatt án þess, að um föll þeirra í venjulegum skilningi væri að ræða. Stefnda hefur þannig mótmælt því, að kennari hafi verið ráðinn til að annast kennslu fyrir Þórgunni Björnsdóttur vegna barnsburðar. Ef svo hefði verið, hefði þeim manni borið að beina kröfu sinni til hreppsnefndar, gera sundurliðaðan reikning yfir vinnu sína og fá viðurkenningu skólastjóra og skólanefndar fyrir réttum stundafjölda og kauphæð.

Til vara hefur kröfunni verið mótmælt sem óhæfilega hárrí og ósannaðri og að stefndu verði ekki gert að greiða nema fyrir sex vikur af þessum sökum. Hefur hún þar um sérstaklega vitnað til bréfs fræðslumálastjóra 16. apríl 1952, sbr. dskj. nr. 10, þar sem sagt sé, að nú orðið sé föst venja að greiða 6 vikna kennslu fyrir fastan kennara, sem forfallist sökum veikinda. Tekið er fram, að barnsburður kæmi undir þessi hlunnindi.

Svo sem áður var að vikið, segir svo í 19. gr. laga nr. 34/1946, sem í gildi var á þessu tímabili, en afnumin var með lögum nr. 41/1955: „Geti kennari ekki stundað starf sitt við skóla sakir veikinda, skal greiða forfallavinnu fyrir hann samkvæmt regl-

um, er fræðslumálastjórn setur.“ Svo sem fram kemur að fram-
an, voru aldrei settar neinar almennar og formlegar reglur sam-
kvæmt þessari heimild. Hins vegar virðist fræðslumálastjórnin
hafa sett óformlegar reglur og lagt til við hlutaðeigandi, að
farið væri eftir þeim. Rétturinn lítur svo á, að eins og ákvæðum
þessum sé farið, hafi fræðslumálastjórninni verið heimilt að
ákvarða, að forfallakennsla skyldi greidd, og hafi því stefndu
borið að hlíta úrskurði fræðslumálastjórnarinnar um greiðslu
stefnukröfunnar, sbr. einkum dskj. nr. 11 og 12. Samkvæmt
þessari niðurstöðu verður sú sýknukrafa stefndu, að krafan hafi
ekki við lög að styðjast, ekki tekin til greina.

Ekki verður heldur fallizt á þá sýknuástæðu stefndu, er lýtur
að frágangi sjálfs reikningsins á dskj. nr. 3. Því er ómótmælt
haldið fram, að reikningurinn sé saminn í samráði við skóla-
nefnd og með hlutdeild kennaranna, sem önnuðust aukakennsl-
una, og síðan sé reikningurinn samþykktur réttur af skólanefnd
og námsstjóra. Þykja með þessu nægileg rök að því færd, að
reikningurinn sé rétt saminn. Ekki þykir hafa þýðingu í þessu
sambandi, þótt skólastjórnin gefi reikninginn út, þar sem upp-
lýst er, að hann lagði fram greiðslu til forfallakennaranna, né
heldur sú mótbára, að hreppsnefndin hafi ekki ráðið aukakenn-
arana til starfans og þá sérstaklega í þessu ákveðna augnamiði,
því að samkv. 20. gr., 3. mgr., fræðslulaganna, á hreppsnefndin
eigi aðild að ráðningu stundakennara. Og ekki þykir það hafa
þýðingu í þessu sambandi, þótt forfallakennararnir hafi kennt
meira fyrir föstu kennarana en í eiginlegum eða lögmætum for-
föllum. Samkvæmt þessu verður önnur sýknuástæða stefndu eigi
heldur tekin til greina. Með tilvísun til þess, sem sagt er um
fyrstu sýknuástæðuna, þykir varakrafa stefndu eigi verða tekin
til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu verður krafa stefnanda
tekin til greina, um að honum verði dæmdar kr. 8.659,58 með 6%
ársvöxtum frá 1. jan. 1955 að telja og kr. 1.500,00 í málskostnað.

Dóminn kvað upp Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti
á Akureyri og sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu.

Dómsorð:

- Stefnda, hreppsnefnd Grýtubakkahrepps f. h. hreppsins,
greiði stefnanda, Ólafi Pálssyni, kr. 8.659,58 með 6% árs-
vöxtum frá 1. jan. 1955 að telja til greiðsludags og kr.
1.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu
dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.